

Fundargerð 86. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 6. febrúar 2023, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Samskiptaáætlun stýrihópsins fyrir árið 2023
2. Byggðaaætlun, aðgerðir 2022-2026
3. Aðkoma URN að sóknaráætlunum landshluta
4. Óstaðbundin störf
5. Skýrsla ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaaætlunar 2018-2022

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Í fjarfundi: Bryndís Eiríksdóttir (MAR, fór 14:05), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Berglind Kristinsdóttir (landshlutasamtökunum)

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Hafþór Einarsson (MRN), Pétur Berg Matthíasson (FOR) hefur aftur tekið við sæti sínu af Sigrúnu Ólafsdóttur, Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu) og Þórarinn Sólmundarson (HVIN), varamaður Önnu Katrínar Einarsdóttur (sem er í leyfi),

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. **Samskiptaáætlun stýrihópsins fyrir árið 2023.** Formaður kynnti drög að samskiptaáætlun fyrir árið 2023. Rætt var m.a. um fyrirkomulag árlegra funda stýrihóps og landshlutasamtaka. Einnig rætt um svokallaða samráðsfundi sömu aðila og hvort eigi að endurvekja þá. Einnig bar á góma kynningar verkefna Byggðastofnunar á fundum stýrihóps og bent á að landshlutasamtökin geti líka verið með kynningar á sínum verkefnum. Formaður og verkefnisstjóri ganga frá samskiptaáætluninni og senda stýrihópnum til staðfestingar.
2. **Byggðaaætlun, aðgerðir 2022-2026.** Hálf tónn er liðið frá samþykkt nýrrar byggðaaætlunar og greindi formaður frá því að almennt gengi vel að hrinda aðgerðum í framkvæmd. Unnið er að því að koma upplýsingum þar að lútandi á vef ráðuneytisins.
3. **Aðkoma URN að sóknaráætlunum landshluta.** Fulltrúi URN greindi frá áherslu ráðuneytisins á að efla og styrkja samstarf við landshlutasamtök sveitarfélaga. Frá árinu 2022 hefur URN þannig haft beina aðkomu að sóknaráætlunum allra átta landshlutanna með gerð viðaukasamninga í tengslum við verkefni tengd hringrásarhagkerfinu. Í ár er gert ráð fyrir sambærilegu framlagi til loftslags tengdra verkefna.
4. **Óstaðbundin störf.** Formaður greindi frá því að ríkisstjórnin hafi þann 31. janúar sl. samþykkt tillögu innviðaráðherra um skipan framkvæmdahóps til að fylgja eftir aðgerð B.7 á byggðaaætlunar Óstaðbundin störf. Hópurinn verður skipaður fulltrúum IRN, FOR og FJR og mun starfa í nánú samráði við mannauðsstjóra ráðuneyta, Byggðastofnun, Fjársýslu ríkisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og aðra hlutaðeigandi aðila.
5. **Skýrsla ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaaætlunar 2018-2022.** Formaður sagði frá því að skýrslan sé farin í prentun og verður lögð fram á Alþing á næstu dögum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:11